

## STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2017, föstudaginn 27. október var haldinn 275. fundur stjórnar Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11.00. Mætt voru Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Sverrir Óskarsson, Gunnar Valur Gíslason, Bjarni Torfi Álfþórsson varamaður og Kristinn Andersen varamaður. Fjarverandi: Bryndís Haraldsdóttir. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármála og reksturs, sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundar:

1. Leiðakerfismál
2. Akstursþjónusta fatlaðra

### Þetta gerðist:

1. Lagðar fram tillögur að útfærslu á fyrirhuguðum leiðakerfisbreytingum, en fjárhagslegar forsendur breytinganna voru samþykkar á fundi eigenda 27. september sl.

Helstu breytingar eru:

- Lengri þjónustutími á kvöldin.
- Breyting á leið 6 sem felur í sér aukna tíðni og styttingu.
- Ný leið 6a sem ekur á milli Egilshallar í Grafarvogi og Mosfellsbæjar.
- Tilraunaverkefni um næturakstur á völdum leiðum aðfararnótt laugardags og sunnudags.

Einnig er lagt fram erindi frá borgarráði, dags. 24. október 2017 varðandi umsögn hverfisráðs Grafarvogs, dags. 23.10.2017, um styttingu leiðar 6 og nýja leið 6a. Framkvæmdastjóri var falið að svara erindinu.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur að breytingum á leiðakerfinu.

2. Fram fer umræða um undirbúning vegna útboðs á akstri fatlaðra en núverandi samningur rennur út í lok árs 2018.

Stjórn leggur áherslu á að sem fyrst verði á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skipuð undirbúningsnefnd vegna nýs útboðs á akstri fatlaðs fólks og að fulltrúi úr stjórn Strætó eigi sæti í nefndinni.

Til viðræðna við stjórn mætti Erlendur Pálsson, sviðsstjóri farþegaþjónustu,

**Fleira var ekki tekið fyrir.**

**Fundi slitið: kl. 12.15.**

### Fylgiskjöl:

- Umsögn frá hverfisráði Grafarvogs, 23. október 2017

Heiða Björg Hilmisdóttir

Sverrir Óskarsson  
Kristinn Andersen

Gunnar Valur Gíslason  
Bjarni Torfi Álfþórsson